

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Úthlutun 2020

Áhugamannafélög

1. Ferðafélag Íslands Nýidalur - náttúruvernd og aukið öryggi ferðamann

Kr. 11.580.000,- styrkur sem felur í sér endurbætur og uppbyggingu ferðamannaaðstöðu í Nýjadal.

Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins og snýst um brýnar úrbætur á innviðum á viðkvæmum ferðamannastað. Ekki er um fulla styrkupphæð að ræða heldur er styrkur veittur til úrbóta varðandi vatnsveitu, fráveitu, rafstöðvarhús, merkingar og skilti og verkumsjón vegna þessara þátta. Styrkur er veittur með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

2. Ferðafélag Íslands - Bætt fráveitumál í Hrafninnuskeri

Kr. 35.200.000,- styrkur til að bæta fráveitumál þannig að hægt verði að aðskilja þvag og fastefni á staðnum, lágmarka flutning frá svæðinu, lágmarka mengunarhættu og uppfylla jafnframt kröfur um losun seyru.

Einstakur ferðamannastaður þar sem uppbygging og úrbætur í salernis- og fráveitumálum eru brýnar.

3. Fuglastígur á Norðausturlandi - Bygging skýla til náttúruskoðunar (annar áfangi)

Kr. 23.054.800,- styrkur til að byggja fuglaskoðunarskýli við Nýpslón í Vopnafirði, fuglaskoðunarskýli við Skoruvíkurbjarg á Langanesi, fugla- og selaskoðunarskýli við Bakkahlaup í Öxarfirði og skýli til fuglaskoðunar og útivistar í Skipshólma á Vopnafirði ásamt göngustíg þangað.

Verkefnið byggir á sérstöðu Norðausturlands sem eins fjölbreytilegasta fuglaskoðunarhéraðs landsins. Verkefnið sameinar náttúruvæna ferðamennsku og snjalla hönnun og er til þess falli að auka ferðamennsku á veiku svæði og á veikri árstíð.

4. Hestamannafélagið Geysir - Áningarhólf að Fjallabaki

Kr. 329.000,- styrkur til að koma upp áningarhólfi á Dómadalsleið.

Gott innviðaverkefni á mikilvægri reiðleið, sem rímar sérstaklega vel við áherslur sjóðsins varðandi náttúruvernd á viðkvæmu svæði.

5. Hjólreiðadeild Vestra - Merking hjóla og göngustíga á dölunum tveimur

Kr. 4.500.000,- styrkur til að merkja stígakerfið í samræmi við alþjóðlegar merkingar. Bæta aðgengi og öryggi með því að setja upp kynningarspjöld upp á Dynjandisheiði, Botnsheiði og Seljalandsdal.

Verkefnið rímar vel við meginmarkmið sjóðsins varðandi náttúruvernd og öryggi og eflir vaxtabrodd í ferðamennsku.

6. Kerlingarfjallavinir Bæta aðgengi og upplifun innan Kerlingarfjallasvæðisins

Kr. 4.800.000,- styrkur til að endurbæta og bæta við tröppum á leiðinni úr Ásgarði og inn að Hveradölum. Setja upp upplýsingaskilti fyrir gangandi og setja upp upplýsingaskilti fyrir vegfarendur sem koma á bíl.

Svæðið er viðkvæmt og því mikilvægt að ráðast í umbætur á gönguleiðum og bæta upplýsingagjöf.

7. Skógræktarfélag Íslands - Opinn skógur Sólbrekkum - hönnun aðstöðu - eldaskáli, kennsluaðstaða, salerni

Kr. 4.701.456,- styrkur til undirbúnings- og hönnunarvinnu á eldaskála með samtengdum WC og útikennsluaðstöðu í Opnum skógi í Sólbrekkuskógi. Eldaskálinn verður með borðum, bekkjum og eldstæði. Notaður verður íslenskur efniviður. Markmiðið er að auka gildi svæðisins til náttúruupplifunar, útiveru og útikennslu. Unnið verður út frá verðlaunatillögu Arkís.

Verkefnið snýr að hönnun á aðstöðu fyrir ferðamenn til útivistar. Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins varðandi innviðaupbyggingu og náttúruvernd.

8. Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjustígur - sneiðingur undir Steini

Kr. 4.000.000,- styrkur til að laga 300 m gönguleið að Steini, þar sem mikil leir er í stígnum sem verður til þess að átroðningur utan stíga eykst auk þess sem hætta á óhöppum er til staðar. Verkefnið gengur út á að flytja aðflutta fyllingu inn á svæðið sem er mjög óaðgengilegt og verður því að gerast með þyrllu.

Verkefnið fellur vel að áherslum sjóðsins varðandi náttúruvernd og öryggi á vinsælum ferðamannastað.

Einstaklingar

1. Marteinn Óli Aðalsteinsson - Gönguleiði - Stuðlafoss – Stuðlagil

Kr. 23.139.540,- styrkur til að gera tvo stíga frá Stuðlafossi að Eyvindará við Stuðlagili, annar stígurinn er ætlaður til göngu og á að liggja meðfram árbakkanum. Hinn stígurinn er ætlaður til göngu og einnig fyrir farartæki svo sem bíla eða fjórhjól og sinnir því öryggishlutverki. Hvor leið er um 2,6 km sem þarf grunnvinnu og efnisskipti en til stendur að hafa mól á stíg. Setja þarf hólk í Fossá og göngubrú yfir Víðidalsá sem eru á þessari leið. Einnig verða sett upp upplýsingaskilti og vegvísun.

Verkefnið stuðlar að bættri umgengni á mjög viðkvæmu svæði sem er orðið mikið aðdráttarafli í ferðamennsku ásamt því að stuðla að auknu öryggi ferðamanna.

- 1. Baggi ehf. / Bragðavellir Cottages - Göngustígagerð að Snædalsfossi og Gömlubró**
Kr. 9.109.200,- styrkur til að stýra umferð gangandi eftir göngustígum að Snædalsfossi og þar með vernda viðkvæman mosagróður, sem er á svæðinu.
Verkefnið snýr að verndun viðkvæmrar náttúru og gerð göngustíga. Það rímar því vel við meginmarkmið sjóðsins. Styrkur er veittur með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.
- 2. Drangeyjarferðir ehf. - Flotbryggja í Drangey**
Kr. 13.000.000,- styrkur til að smíða og styrkja flotbryggju í Drangey. Bryggjan brotnaði í óveðri. Hana þarf að styrkja á ýmsan máta, setja niður festur þannig að haldi, steypa undir viðlegukant sem fyrir er og styrkja. Smíða landganga bæði frá flotbryggju og einnig frá viðlegukanti, einnig að setja upp handrið til að tryggja öryggi ferðalanga.
Mikilvægt öryggisverkefni á sögufrægum og áhugaverðum ferðamannastað. Styrkur er veittur með því skilyrði, að tryggt sé óhindrað aðgengi allra að flotbryggjunni.
- 3. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs - Vernd náttúru og bætt öryggi gesta á Víknaslóðum**
Kr. 3.501.680,- styrkur til að vernda náttúru og bæta öryggi gesta á Víknaslóðum sem er helsta göngusvæði Austurlands og nær frá Héraðsflóa að Seyðisfirði. Fyrirhugað er að stika upp á nýtt þrjár leiðir í Stórurð á Víknaslóðum og gönguleiðina yfir Gönguskarð í Njarðvík. Á svæðinu þarf einnig að setja upp vegvísa og göngubrýr og flytja leiðir þar sem náttúran er farin að láta verulega á sjá á sumum stöðum. Skilti verða einnig sett upp í Stórurð, eitt við hverja inngönguleið í Urðina sem sýnir hringleiðina í urðinni til að fólk fari ekki að ganga utan stíga.
Verkefnið snýst um að bæta öryggi ferðamanna og vernda náttúru á mjög vinsælu útivistarsvæði.
- 4. Hveradalir ehf. - Pallar og fræðsluskilti á stígum á hverasvæðinu í Hveradölum**
Kr. 14.061.316,- styrkur til að smíða palla og fræðsluskilti á stígum á hverasvæðinu í Hveradölum. Pöllum úr áli, sama efni og stígarnir, verði bætt við stígana á sex stöðum, með upplýsingaskiltum um það sem fyrir augu ber á hverasvæðinu og sögu þess. Pallarnir verði um leið mætinga- og snúningssvæði fyrir hjólastóla. Ennfremur verði lýsingu bætt við stígana og handriðum fjölgað, til að stuðla að notagildi þeirra allan ársins hring og auka öryggi.
Um er að ræða innviðaverkefni sem tengist öryggi og náttúruvernd á lykil ferðamannastað og mun bæta aðgengi á viðkvæmu svæði, sem og upplifun ferðamanna.

5. **Mývatnsstofa ehf. - Skiltagerð og öryggismál fyrir Jólasveinanna í Dimmuborgum**
Kr. 4.500.000,- styrkur bæta öryggi og auka upplýsingagjöf með skiltagerð á Hallarflöt og í Jólasveinahelli þar sem jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum allt árið um kring.
Áhugavert verkefni, sem felst í því að bæta öryggi og náttúruvernd á fjölsóttum ferðamannastað, vinsæll staður utan háannatíma og því viðkvæmur.
6. **Tjaldsvæðið Systragili sf. - Merking og tenging við Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði**
Kr. 850.000,- styrkur til að bæta merkingar og tengingu við Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði, gamla þjóðleið yfir Vaðlaheiði milli Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Nauðsynlegt er að merkja upphaf Þingmannaleiðar við Systragil og setja þar upplýsingaskilti, gera göngustíg og stika leiðina um tveggja kílómetra leið upp heiði að heiðargirðingu þar til vörður (fyrstu vörðurnar kallast Systravörður) fara að sjást ofan við girðingu.
Vinsæl gönguleið, þar sem nauðsynlegt er að bæta merkingar og auka öryggi ferðamanna.

Landeigandi/landeigendafélög

1. **Gunnlaugur B Ólafsson / Iceland Wellness - Gönguleiðin Austurstræti (Víðidalsleið) og móttaka ferðamanna Stafafelli**
Kr. 7.200.000,- styrkur til stígagerðar og byggingar á göngubrúum yfir Víðidalsá og Hnappadalsá.
Verkefnið varðar uppbyggingu ferðabjónustu á svæðinu og er tvískipt. Ekki er um fulla styrkupphæð að ræða þar sem ekki er heimilt að styrkja þann hluta, sem snýr að uppbyggingu á tjaldsvæði vegna gjaldtöku (rekstur) sbr. 6.gr. laga um sjóðinn. Stjórn FF leggur hins vegar til að styrkja uppbyggingu á göngubrúum yfir Víðidalsá og Hnappadalsá.
2. **Jökuldalur slf. - Stuðlagil, öryggi og náttúruvernd og hreinlætisaðstaða**
Kr. 80.165.356,- styrkur til að bæta aðgengi og hreinlætisaðstöðu við Stuðlagil. Verkefnið er í meginatriðum tvíþætt; 1) að setja upp stigakerfi og útsýnispall í gilinu að Stuðlagili sem búið er að hanna og er í smíðum. 2) Að kaupa og setja upp salerni. Jafnframt þarf að bæta við bílastæði.
Mjög verðugt innviðaverkefni, sem að stuðlar að auknu öryggi ferðamanna og bættri umgengni á viðkvæmu svæði. Styrkur er veittur með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag og veitingu framkvæmdaleyfis.

- 1. Ásahreppur - Gönguleið með Köldukvísl, Köldukvíslargljúfri, Fagrafossi og Nefja**
Kr. 8.058.000,- styrkur til að gera dásamlega 16 km gönguleið aðgengilega fyrir ferðamenn, vernda náttúru og tryggja öryggi ferðamanna. Þarna er gróður viðkvæmur á stöðum og því nauðsynlegt að huga vel að því hvaða slóð á að velja þannig að náttúran sé vernduð.
Verkefnið felst í gera gönguleið en um leið að vernda náttúru á viðkvæmu svæði og auka öryggi ferðamanna.
- 2. Ásahreppur - Hvanngiljafoss og Dynkur aðgengilegir**
Kr. 6.216.800,- styrkur til að bæta aðgengi að Hvanngiljafossi og Dynk ásamt því að vernda náttúruna fyrir ágangi og bæta öryggi ferðamanna. Mikilvægt er að hanna og setja upp skilti þar sem fólki er beint í réttar áttir og komið á framfæri upplýsingum um verndun náttúru og öryggi ferðamanna. Loka þarf villuslóðum og endurheimta staðargróður. Einnig þarf að afmarka bílaplan.
Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins og snýr að verndun náttúru og bættu öryggi fyrir ferðamenn.
- 3. Bláskógabyggð - Hverasvæði við Laugarvatn, umhverfi, aðgengi**
Kr. 4.000.000,- styrkur til að bæta svæðið kringum hverinn við Laugarvatn sem er orðinn mjög fjölsóttur ferðamannastaður. Þar á að bæta aðgengi, göngustíg og lagfæra umhverfi hversins, endurbæta og færa girðingu, setja upp skilti/merkingar og léttu lýsingu og afmarka.
Verkefnið snýr að uppbyggingu innviða á vinsælum og viðkvæmum ferðamannastað.
- 4. Bolungarvíkurkaupstaður - Bygging útsýnispalls á Bolafjalli**
Kr. 160.000.000,- styrkur sem felst í gerð útsýnispalls á toppi Bolafjalls við fjarðarminni Ísafjarðardjúps, ásamt frágangi á landi í nánasta umhverfi hans. Útsýnispallurinn hangir utan í þverhníptum stórstuðluðum klettum með stórbrotið útsýni yfir Ísafjarðardjúp, inn jökulfirði og út yfir sjóndeildarhring í átt til Grænlands. Bygging útsýnispallsins byggir á hönnun tillögu Sei Arkitekta, Landmótun og Argos sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um hönnunina.
Mjög spennandi innviðauppbygging, sem stuðlar að bættu öryggi ferðamanna og skapar nýtt aðdráttarafi á veiku svæði. Styrkur er veittur með fyrirvara um veitingu framkvæmdaleyfis.
- 5. Fljótsdalshérað - Öryggi gesta við Hafrahvammagljúfur**
Kr. 14.327.800,- styrkur til að smíða útsýnispall til stýra gestum á ákveðinn útsýnisstað og vinna þannig gegn hröphættu á gljúfurbrúninni. Eins er áformað að leggja stiga ofan í Hvammana til að bæta aðgengi fyrir gesti og sjúkraflutningafólk og auka fjölbreytni gönguleiðar. Að auki er þörf á því að setja upp stök þrep ofan í Hvömmunum í brekku þar sem hætta á hrösun er nokkur og rask á gróðri orðið töluvert.
Um er að ræða verðugt verkefni, sem að bætir öryggi ferðamanna til muna á ferðamannastað, þar sem skapast geta varasamar aðstæður.

6. Hafnarfjarðarbær - Leiðarendi – uppbygging

Kr. 5.760.000,- styrkur til að fara í uppbyggingu á bílastæði eins og deiliskipulagið miðar við. Stæðið er staðsett á röskuðu svæði við vegöxl Bláfjallavegar. Fylla þarf í stæðin, valta og bera mulning í.

Verkefnið rímar vel við helstu áherslupætti sjóðsins varðandi náttúruvernd, öryggi og uppbyggingu innviða á viðkvæmum ferðamannastað.

7. Hrunamannahreppur - Hrunalaug, vegghleðsla og göngustígur

Kr. 3.900.000,- styrkur til að hlaða upp gamla rétt við hlið laugar og leggja göngustíg milli réttar og laugar. Ljúka frágangi á bílastæði, afmarka það betur í landslagi til að forða óhöppum. Koma upp betri merkingum, sögu- og upplýsingaskilti og leiðbeinandi merkingum í umhverfi laugar og leiðarvísium.

Lokaáfangi í uppbyggingu á sjálfsprottnum ferðamannastað, sem stuðlar að náttúruvernd og auknu öryggi.

8. Hrunamannahreppur- Brúarhlöð, hönnun svæðis

Kr. 2.000.000,- styrkur til að fara í hönnun og undirbúning á aðgengi og umhverfi við Brúarhlöð. Gera þarf áætlun um heildarmynd svæðis: aðkoma, umhverfi, stígar, merkingar. Afmörkun stíga í landslagi og fagleg aðstoð við efnisval.

Verkefnið snýr að hönnun og skipulagi á vinsælum og viðkvæmum ferðamannastað.

9. Reykjanes jarðvangur ses. - Brimketill - aukið öryggi og aðgengi

Kr. 4.173.672,- styrkur til að bæta núverandi útsýnispall við Brimketil á Reykjanesi m.t.t. öryggisþátta og aðgengi.

Verkefnið snýst um að bæta aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastað, þar sem varasamar aðstæður geta skapast.

10. Seyðisfjarðarkaupstaður - Göngustígakerfi í Seyðisfirði: Vestdalur

Kr. 7.061.130,- styrkur til að bregðast við miklum skemmdum á náttúru í Vestdal. Vestdalur er skráður á náttúruminjasrá og á Vestdalseyri hefur fornleifaskráningu verið lokið, en á svæðinu er mjög mikið að menningarminjum. Mikið er um hentugleikastíga, jarðvegsrof og uppstig eru varhugaverð.

Innviða verkefni sem tengist náttúruvernd og öryggi. Ekki er um fulla styrkuppþæð að ræða þar sem heimilt var að nýta hluta af styrk síðasta árs, enda verkefni af svipuðum toga og þetta verkefni var næst á forgangslista heimamanna.

11. Seyðisfjarðarkaupstaður - Göngustígar í Seyðisfirði: Gufufoss

Kr. 3.400.000,- styrkur til að hanna göngu- og hjólstíg frá þéttbýli í Seyðisfirði upp að Gufufossi neðan við Múla. Mikil fjöldi fólks gengu að fossinum þegar skemmtiferðaskip eru í höfninni og nota þá þjóðveginn inn og út úr bænum sem göngustíg. Þessi fjöldi gesta telur í hundruðum samtímis og veldur mikilli slyshættu og álagi þar sem að akstur verður fyrir miklum töfum.

Verkefnið snýst um hönnun mikilvægra innviða, sem miða að því að bæta öryggi og náttúruvernd á fjölsóttum ferðamannastað.

12. Skaftárhreppur - Ástarbrautin, gönguleið á Kirkjubæjarklaustri

Kr. 6.000.000,- styrkur til að byggja upp c.a. 300 m göngustíg í brattri brekku þar sem farið er niður af heiðinni við Bjarnartættur; byggja þrep, ræsi til að veita vatni, hlaða upp með grjóti og torfi og lagfæra gróðurskemmdir.

Gott innviðaverkefni, sem að rímar vel við áherslur sjóðsins sérstaklega varðandi aukið öryggi á ferðamannastöðum og vernda viðkvæma náttúru.

13. Snæfellsbær - Svöðufoss - hönnun á gönguleið, göngubrú og útsýnispalli

Kr. 3.280.000,- styrkur veittur í hönnun á gönguleið, göngubrú og útsýnispalli. Að halda áfram með uppbyggingu áningastaðar við Svöðufoss og bæta aðgengi að fossinum sjálfum.

Verkefnið snýst um hönnun á ferðamannastað til þess að bæta aðgengi, auka öryggi og vernda viðkvæma náttúru.

14. Stykkishólmsbær – Kirkjustígur

Kr. 9.800.000,- styrkur til að leggja göngustíg um troðinn slóða upp að brattri klöpp í Maðkavík í samræmi við deiliskipulag. Brattasti kafli leiðarinnar er illfær og mun þar vera lögð steinþrep, en um verður að ræða hlaðin steinþrep í tröppustíg. Þar sem leggja á þrep mun vera notast við grjót úr nágrenninu og hugað að því að framkvæmdin falli vel inn í landslagið. Þaðan verður göngustígurinn hlaðinn upp að Stykkishólmskirkju.

Verkefnið mun bæta aðgengi og auka öryggi þeirra ferðamanna, sem heimsækja þennan stað.

15. Stykkishólmsbær - Útsýnispallur á Súgandisey

Kr. 3.830.250,- styrkur til að setja á fót hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun útsýnispalls á Súgandisey.

Áhugavert verkefni á vinsælum ferðamannastað.

16. Þingeyjarsveit - Aldeyjarsfoss, salernisaðstaða

Kr. 16.000.000,- styrkur til að bæta salernisaðstöðu við Aldeyjarsfoss.

Brýnt verkefni, sem snýr að uppbyggingu innviða á vinsælum og viðkvæmum ferðamannastað. Styrkur veittur með fyrirvara um samþykki landeigenda.